



Ráðstefna um matskerfið Mat á stuðningsþörf barna – „The Support Intensity Scale – Childrens Version (SIS-C)“

Grand Hótel Reykjavík

20. júní 2018

Miðvikudaginn 20. júní verður haldin ráðstefna um Mat á stuðningsþörf barna (*Supports Intensity Scale- Children's Version*) á Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan er haldin af Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í samvinnu við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Á ráðstefnunni verður fjallað ítarlega um stöðlun Matskerfisins hér á landi, innihald, innleiðingu og notagildi þess til að meta stuðningsþörf barna frá 5-18 ára aldurs. Einnig tengsl niðurstaðna við fjármögnun, skipulagningu og innihald þjónustu. Sérstök áhersla verður lögð á skilgreiningu á hugtakinu stuðningsþörf og mikilvægi þess í þjónustu við fötluð börn í víðu samhengi.

Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar eru Dr. James R. Thompson og Dr. Karrie A. Shogren prófessorar við Háskólann í Kansas í Bandaríkjunum. Þau eru á meðal helstu höfundar Mats á stuðningsþörf barna og tóku þátt í stöðlun þess. Auk þeirra halda erindi Dr. Tryggvi Sigurðsson, ábyrgðarmaður SIS verkefnisins á Íslandi og Guðný Stefánsdóttir MA. framkvæmdastjóri þess. Einnig munu fulltrúar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, velferðarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitafélaga og Tryggingastofnunar ríkisins halda erindi á ráðstefnunni.

Stöðlun matskerfisins og innleiðing þess markar tímamót í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra hér á landi. Skipuleggjendur þjónustu, fagfólk og aðrir sem málið varðar eru því hvattir til að mæta á ráðstefnuna.

Tími og staður: Grand Hótel Reykjavík, Háteigur kl. 08:30 – 16:00

Verð: 22.000 krónur (fagaðilar), 12.000 (foreldrar)

Skráning og nánari upplýsingar á www.greining.is